

Ed.

449. Nefndarálit

[135. mál]

um frv. til laga um verðgæzlu og samkeppnishömlur.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um frumvarpið, og vill meiri hl. samþykkja það með nokkrum breytingum, en 2. minni hluti telur samþykkt frumvarpsins ekki tímabæra og vill vísa málinu frá að þessu sinni með rökstuddri dagskrá þar um.

Ég tel, að frumvarpið miði ekki að bættum háttum í verðlagsmálum frá því, sem nú er í gildi, og er ég því andvígur frumvarpinu og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1970.

Karl Guðjónsson.